

Góðan daginn,



Marel birtir uppgjör fyrsta ársfjórðungs eftir lokun á morgun, 3. maí. Almennt gera spár ráð fyrir bata á milli ára en töluverðum samdrætti í hagnaði sem má eflaust rekja til aukinnar skuldsetningar og hækkun vaxtakjara. Síðustu fjórðunga hefur framlegðin þökast upp en greiningaraðilar gera nú ráð fyrir að hún dragist aðeins saman á milli fjórðunga eins og sjá má á töflu hér að neðan. Framlegðarmarkmið félagsins eru að hún verði komin í 14-16% í lok þessa árs.

Þó farið sé að rofa til í aðfangakeðjunni hvað flutninga varðar eins og fram kom til að mynda í uppgjöru Össurar eru aðstæður í geiranum enn nokkuð krefjandi ef litið er til PMI talna. Verður því spennandi að sjá hvernig stjórnendum gengur að hækka verð og halda stöðugri eftirspurn.

EURm	Q1 22	Low	Mean	High	Act. Vs. Mean
Orders received	421,7	392,7	419,8	495	-0,5%
Revenues	371,6	435	452,7	476,2	21,8%
Adj. EBIT	31,3	46	46,8	55,2	49,5%
Adj. EBIT %	8,4%	9,7%	10,3%	11,6%	1,9%
Net results	21,7	12,9	17,3	22,1	-20,3%





Eins og fyrr segir er útlit fyrir að farið sé að draga úr truflunum í aðfangakeðjunni með lækkandi flutningsverðum sem eru einstaklega góðar fréttir fyrir framlegðina. Á móti verður fróðlegt að sjá hvernig eftirspurn og nýjar pantanir koma til með að þróast í ljósi þess að „book to bill“ hlutfallið hefur farið talsvert lækkandi og PMI mælingar gagnvart framleiðslugeiranum eru ekki mjög uppörvandi þessa stundina.

Eins og sjá má á myndum hér að neðan þá hefur PMI vísitalan fyrir framleiðslu farið lækkandi síðustu misseri og færirst enn fjær jafnvægisgildinu 50. Vísitalan nam 45,8 í apríl í Evrópu en batnaði aðeins á milli mánaða í Bandaríkjunum og nam 47,1.



Verðlagning

Hér má sjá verðlagningu á félaginu. Rauðu punktarnir sýna FWD EV/EBITDA fyrir árið í ár, 2024 og 2025 miðað við spár greiningaraðila. Einnig sýnum við verðlagningu samanburðarfélaga.



Bergsteinn Pálsson
bergsteinn.palsson@acro.is

Björn Öder Ólason
bjorn.oder@acro.is

Gunnar Freyr Gunnarsson
gunnar.gunnarsson@acro.is

Hannes Árdal
hannes.ardal@acro.is

Hilmir Hlér Hannesson
hilmir.hannesson@acro.is

Kristný Þorgeirsdóttir
kristny.thorgeirsdottir@acro.is

Sigurkarl Róbert Jóhannesson
sigurkarl.johannesson@acro.is

Sölvi Danielsson
solvi.danielsson@acro.is

Þorbjörn Atli Sveinsson
thorbjorn.sveinsson@acro.is

Þórdís Erla Magnúsdóttir
thordis.magnusdottir@acro.is